

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson

L Ö G

um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 29 29. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hafi Alþingi veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun skal upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, varið þannig að jafnhá fjárhæð komi í hlut hvers þess listamanns sem valinn er. Nefndin ákveður hæð launanna áður en tillögur eru gerðar um hverjir skuli hljóta laun.

Verði ekki samkomulag í nefndinni um það hverjir skuli hljóta listamannalaun skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra sem tillaga hefur komið fram um að hljóta skuli launin. Skulu nefndarmenn merkja leynilega við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðlinum og ákveðið var að hljóta skyldu laun. Er kjörseðillinn ógildur ef merkt er við fleiri nöfn eða færri. Skulu þeir listamenn hljóta launin sem flest atkvæði fá.

Hafi Alþingi ekki veitt tilteknum listamönnum laun getur nefndin í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun er séu hærri en laun þau sem hér er gert ráð fyrir og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri sem nefndin úthlutar samkvæmt reglum þessarar greinar.

2. gr.

Við löginn bætist ný grein er verði 4. gr., svohljóðandi:

Laun samkvæmt lögum þessum skulu ekki skerða rétt elli- eða örorkulífeyrisþega til uppbótar á lífeyri skv. 19. gr. laga nr. 67 20. apríl 1971.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.